

1. Heimilt er að leggja ökutæki á Laugavegi, vinstra megin miðað við akstursstefnu, á reitum þar sem stöðumælar eru settir upp.
2. Bannað er að stöðva ökutæki önnur en strætisvagna við gangstétt norðan megin Laugavegs, milli Snorrabrautar og Klapparstígs. Heimilt er þó að ferma þar og afferma ökutæki á tímabilinu milli kr. 8 og kl. 11.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 29. nóvember 1974 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing um bifreiðastöðubann á Laugavegi frá 9. október 1974.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 25. nóvember 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um innköllun nokkurra myntstærða og krónuseðla.

1. gr.

Að tillögu Seðlabanka Íslands hefur ráðuneytið ákveðið að innkalla skuli eftirgreinda slegna peninga og krónuseðla:

A. Slegnir peningar (mynt):

- a. 1 eyrir. Útgefnir 1926—1966.
- 2 aurar. Útgefnir 1926—1942.
- 5 aurar. Útgefnir 1926—1966.
- 10 aurar. Útgefnir 1922—1974.
- 25 aurar. Útgefnir 1922—1967.
- 50 aurar. Útgefnir 1969—1974.
- b. 2 krónur. Útgefnir 1925—1966.

B. Peningaseðlar að verðgildi ein króna:

Einnar krónu seðlar, sem útgefnir voru af Ríkissjóði Íslands skv. lögum nr. 116 frá 7. nóv. 1941, sbr. lög nr. 117 frá 27. nóv. 1947.

2. gr.

Frestur til að afhenda peningana skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þeim peningum, sem greindir eru í 1. gr., og láta í staðinn peninga, sem ekki á að innkalla. Á innköllunarfrestinum eru peningar þeir, sem greindir eru í 1. gr., lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hættu að vera lögmætur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa peningana, sem greindir eru í 1. gr., í ekki skemmri tíma en 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins, sem greindur er í 1. málslíð þessarar greinar.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast framkvæmd innköllunar þessarar m. a. með því að gefa út auglýsingu um hana.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 10. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 27. nóvember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.